

28. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38, 4. september 2017 og hófst hann kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI), aðalmaður, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG), skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK), embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson var viðstaddur fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu. - 1604059

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi flóðvarnargarðs og íbúðarbyggðar ofan Strandgötu, ásamt umhverfisskýrslu.

Um er að ræða deiliskipulag flóðvarnargarðs í Tunguhlíð og íbúðarhverfis ofan Strandgötu. Deiliskipulagssvæðið er samtals 18 ha.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir deiliskipulagið og umhverfisskýrslu og mælist til þess að hún verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætлана. Tillagan og umhverfisskýrsla verði einnig send til umsagnaraðila.

2. Aðalskipulagsbreyting - Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu. - 1706011

Tekin fyrir breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018.

Um er að ræða breytingu á landnotkun á jaðarsvæðum í þéttbýli Tálknafjarðar. Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði eru skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota í staðinn fyrir óbyggð svæði. Mörk þéttbýlis eru einnig stækkuð til austurs.

Fyrirhuguð er einnig stækkun hafnarsvæðis á Tálknafirði en aukin umsvif vegna fiskeldis og aukin eftirspurn eftir lóðum á hafnarsvæði kalla á stækkun hafnarsvæðisins og aukna landfyllingu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti og leggur til að breytingin verði auglýst skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send til umsagnaraðila.

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

3. Norður-Botn. Umsókn um byggingarleyfi. - 1706009

Erindi frá Shiran Þórisssyni f.h. Arctic Smolt, kt.600212-2570. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu 2 og 3 á húsi H3 í Norður-Botni, landnr.140294, matshl.06. Erindinu fylgja uppdráttir unnir af Vigfúsi Halldórssyni, dags. 28.06.2017 og tækniþjónustu Vestfjarða dags. 0901.2017. Heildarstækkun er 2052 m².

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd frestaði erindinu á síðasta fundi sínum og óskaði eftir frekari gögnum, þau hafa nú borist. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis.

4. Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi. - 1706039

Erindi frá Guðmundi M. Ástþórssyni og Dagnýju Steinsdóttur rekstraraðilum Dunhaga, Tálknafirði. Í erindinu er óskað eftir fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags, að fá lóð undir húsið og viðbyggingu sem mun hýsa hótélherbergi. Dunhagi stendur á 0,2 ha lóð sem skilgreind er er samkvæmt nágildandi aðalskipulagi sem svæði fyrir þjónustustofnanir. Lóð sem sótt er um fer út fyrir fyrrgreint svæði. Óskað er eftir að fá að breyta aðalskipulagi þannig að lóðin verði innan svæðis fyrir þjónustustofnanir. Stefnt er að því að gera upp gamla húsið og það varðveitt í sem upprunalegastri mynd. Viðbygging verður látlaus og verður hæð hennar haldið fyrir neðan þakskegg Dunhaga þannig að gamla húsið verði ríkjandi.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps að farið verði í breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps þar sem umræddum reit, S5 verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði sem og opnu svæði sem umlykur reitinn. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd metur sem svo að um verulega breytingu á aðalskipulagi sé að ræða þar sem svæðið sem um ræðir liggur að skóla- og íþróttassvæði staðarins.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur ennfremur til við sveitarstjórn að mörk lóðar í NA miði við miðlínu milli Dunhaga og Grunnskóla.

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

5. Norður botn. Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við aðstöðuhús, matshl.02. - 1708040

Erindi frá Shiran Þórisssyni f.h. Arctic Smolt, kt.600212-2570. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við aðstöðuhús, matshl.02 í Norður-Botni,landnr. 140294. Erindinu fylgja uppdrættir unnir af Tækniþjónustu Vestfjarða dags. 14.08.2017. Heildarstækkun er 52.8 m2.

Byggingar-, skipulags og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis.

6. Umhverfismál. Umgengni og frágangur olíutanka við höfnina. - 1709002

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að Skeljungu verði gert skylt að ganga frá olíutanki við Tálknafjarðarhöfn á varanlegan hátt sem allra fyrst. Frágangur tanksins er með öllu ólíðandi og ekki í samræmi við gildandi reglur, tankurinn sem inniheldur 12.000 lítra af gasolíu stendur á stafla af gangstéttarhellum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:40.

28. fundur
4. september 2017

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Lilja Magnúsdóttir (LI)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

Elfar Steinn Karlsson (ESK)